

að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Tryggingaráði er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% mæli sérstakar ástæður með því.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. Tryggingalæknar meta þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Um framkvæmd ákvæðis þessa fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

Nr. 93

LÖG

26. maí 1997

um Suðurlandsskóga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinnir verkefnum skv. 1. mgr., þ.e. ræktun og umhirðu skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til

a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda í Suðurlandsskógum og þinglýsa þeim sem kvöð á viðkomandi jörðum. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi Suðurlandsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Suðurlandsskógar greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og Samtaka skógarbænda.

5. gr.

Skipting og binding tekna af verkefninu.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu 5% lögð á endurnýjunar-reikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

Undanþegin ákvæði 1. mgr. er fyrsta grísjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins, og hagnaður af henni skal renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógarbændur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á jörðum þeim sem þeir nýta. Að þeim frágengnum hafa aðrir skógarbændur, sem aðild eiga að Suðurlandsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

7. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Suðurlandsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Suðurlandi, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Suðurlands-skóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir Suðurlandsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er viðkomandi aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar Suðurlandsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Suðurlandsskóga skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Suðurlandsskóga eftir því sem við á eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG

**um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Löggin kveða á um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Í stað orðanna „safnstjóri Þjóðminjasafns“ í 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: staðgengill hans.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Um skipulag safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Sérsofn geta haft stöðu deilda í Þjóðminjasafni.

Þjóðminjavörður ræður starfsmenn Þjóðminjasafns. Skulu yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðrir sérfræðingar hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu.